

**43** og virðist enginn hreppur hafa neinn rjett til að heimta neitt af því aptur af 26. marz. sýslusjóði.

Með því að jeg verð að vera yður með öllu samdóma um það, sem þjer hafið tekið fram í þessu efni, getur krafa hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi um endurborgun á optnefndum kr. 63,14 eigi orðið tekin til greina.

Svo get jeg verið yður samdóma um það, að það sje álitamál, hvort það á sinum tíma hafi verið rjett af sýslunefndinni í Húnavatnssýslu að veita hinn umrædda styrk sem gjöf, en að, eins og komið er, hljóti við svo búið að standa.

**44** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjuörð (Kviabekks- 13. marz. kirkju).—Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 10. desember f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt allra þegnsamlegustum tilmælum mínum, 11. þ. m., allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess að selja megi undan Kviabekksprestakalli jörðina Birnunes í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, fyrir 2025 krónur, er varðveitast fyrir prestakallið á þann hátt, er stipsyfírvöldin telja tryggilegan, og með því skilyrði að eptirleiðis verði farið með hna umgetnu jörð sem aðrar bændaæignir að því er suertir alla skatta og skyldur.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

**45** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð (Saurbæj- 13. marz arprestakalls).—Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 4. nóvember f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnsamlegustum tilmælum mínum 11. þ. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til að selja megi undan Saurbæjarprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi kirkjujörðina Mela ásamt hjáleigunni Melaleiti fyrir 2400 krónur, og greiðist 400 kr. af þeirri upphæð, þegar er kaupin gjörast, en hinar eptirstandandi 2000 kr. afborgist með 6% árlega í 28 ár, þannig, að sjálf eignin standi að veði með 1. veðrjetti fyrir þeim hluta kaupverðsins, er ógreiddur er á hverjum tíma og með því skilyrði, að kaupverðið, jafnóðum og það er greitt, sje sett á vöxtu í söfnunarsjóð Íslands til ágóða fyrir prestakallið á sama hátt og vant er með þess kyns upphæðir, og með því ákvæði að  $\frac{1}{10}$  vaxtanna sje árlega lagður við höfuðstólinn, unz hann er orðinn 4000 kr., en úr því aðeins  $\frac{1}{20}$  vaxtanna, og loks, að eptirleiðis sje farið með nefnda jörð og hjáleigu sem aðra bændaæign að því er snertir alla skatta og skyldur.

Þetta undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.